

Hafnarfirði, 16. desember 2024

Kæru nemendur og foreldrar,

Ég minni á að opnað verður fyrir **einkunnir** í fyrramálið, **þriðjudaginn 17. desember**. **Prófsýning** fer síðan fram í framhaldinu, eða frá kl. **11:30 – 13:00** og gefst þá nemendum tækifæri til að koma og skoða prófin og/eða lokaverkefni og fara yfir með kennurum sínum, ef eitthvað er.

Brautskráning fer síðan fram **fimmtudaginn 19. desember kl. 14:00** en þá verða 45 nemendur brautskráðir frá skólanum. Við þá hátíðlegu athöfn verður haustönninni slitið en **skólastarf hefst að nýju mánudaginn 6. janúar** á nýju ári. Allar nánari upplýsingar um fyrstu dagana, stundatöflur og fleira koma þegar nær dregur en einnig má ávallt finna allt um skólastarfið á vefsíðu skólans, flensborg.is.

Kærar kveðjur til ykkar í aðdraganda jóla,

Með bestu kveðju,

Erla Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði